

140. fundur Rekstrarnefndar Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla, í fundarherbergi Klausturhóla, 910.23 kl.15:15.

Mættir: Auðbjörg Bjarnadóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Pálína Pálsdóttir, Arna Guðbjörg Matthíasdóttir, Jón Atli Jónsson, Ásta Jónsdóttir og Fanney Ásgeirs dóttir sem ritar fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Skýrsla hjúkrunarforstjóra. Erfiðleikar í mönnun vegna veikinda og álag hefur verið mikið á starfsfólk, vegna heimilisfólks með fíknivanda. Sveitarstjórn hefur ákveðið að fá ráðgjafafyrirtækið Líf og sál til að gera vinnustaðaúttekt á Klausturhólum. Mikil ánægja með bílinn sem sveitarfélagið keypti, hefur nýst mjög vel til að flytja heimilisfólk sem er bundið við hjólastól t.a.m. í læknisferðir. Rekstrarnefndin óskar eftir að bíllinn verði einnig nýttur til að fara með heimilisfólk í stuttar skemmtiferðir þegar tækifæri gefast. Sjúkratryggingar bættu við öðru dagdvalarrými frá 1.ágúst. Eitt hjúkrunarrými hefur verið að mestu ónýtt síðan í vor, en horfir til betri vegar. Framkvæmdir við eldhúsið eru fyrirhugaðar fljóttlega. Aðrar viðhaldsframkvæmdir eru langt komnar.
2. Ársreikningur Klausturhóla: Ársreikningur 2022 lagður fram til samþykktar. Samþykktur án athugasemda.
3. Önnur mál: Uppfæra þarf langtíma viðhaldsáætlun fyrir Klausturhóla á næstu mánuðum. Büið er að stofna eldhúsráð. Þar sitja hjúkrunarforstjóri, formaður rekstrarnefndar og forstöðumaður mótneytis sveitarfélagsins. Þau ætla að hittast reglulega og vinna saman að betri upplýsingagjöf milli stofnananna og auknum gæðum í mótneytismálum. Rekstrarnefndin hefur fengið bréf frá hóp starfsfólks Klausturhóla með ósk um fund nefndar og starfsfólks vegna áðurnefndra erfíðleika í starfseminni. Ákveðið að boða fund miðvikudaginn 18.okt kl. 15:30 í kapellunni. Hjúkrunarforstjóri boðar starfsfólk á fund.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 16:40.

*Auðbjörg B Bjarnadóttir
Jón Atli Jónsson
Ásta Jónsdóttir
Fanney Ásgeirs d
Arna Guðbjörg Matthíasd.
Margrét Guð
Pálína Pálsdóttir*

Klausturhólar
Hjúkrunar- og dvalarheimili
aldraðra á Kirkjubæjarklaustri
Ársreikningur 2022

Klausturhólar, hjúkrunar- og
dvalarheimili
Klausturhólum 3
880 Kirkjubæjarklaustur
kt. 440587-2599

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og hjúkrunarforstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstremisfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og hjúkrunarforstjóra

Klausturhólar er hjúkrunar- og dvalarheimili aldraðra á Kirkjubæjarklaustri.

Rekstrartekjur Klausturhóla námu 294,0 millj. kr. á árinu 2022 og hækkuðu um 15,9 millj. kr. milli ára eða um 5,7%. Rekstrarniðurstaða heimilisins á árinu 2022 var jákvæð um 5,9 millj. kr. (2021: jákvæð um 10,3 millj. kr.). Eigið fé í árslok var 38,9 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Á árinu voru greiddar 177,0 millj. kr. í laun og 39,1 millj. kr. í launatengd gjöld. Laun hjúkrunarforstjóra námu samtals 23,6 millj. kr. á árinu.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir ársreikning heimilisins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Kirkjubæjarklaustri, 19. október 2023.

Sveitarstjórn:

Hjúkrunarforstjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til sveitarstjórnar Skaftárhrepps

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Klausturhóla, hjúkrunar- og dvalarheimilis aldraðra á Kirkjubæjklaustri („stofnunin“), fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymsfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af fjárhagsstöðu stofnunarinnar 31. desember 2022 og afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni*. Við erum óháð stofnuninni í samræmi við síðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð sveitarstjórnar og hjúkrunarforstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og hjúkrunarforstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og hjúkrunarforstjóra að leggja mat á rekstarhæfi stofnunarinnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa stofnunina upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Sveitarstjórn og hjúkrunarforstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningur ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvæðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

- Ályktum við um hvort notkun sveitarstjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi stofnunarinnar. Ef við teljum að verulegur væfi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert stofnunina órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjórnar og hjúkrunarforstjóra sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Selfossi, 19. október 2023.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrartekjur			
Vistgjöld	3	267.222.928	256.284.693
Fæðissala		844.505	1.016.611
Aðrar tekjur	4	<u>25.965.408</u>	20.813.940
		<u>294.032.841</u>	<u>278.115.244</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	5	213.716.843	201.922.242
Matvæli		24.534.228	24.663.801
Fatnaður, lín og hreinlætisvörur	6	1.714.940	1.447.525
Lyf og skyld efní		4.236.432	4.954.978
Lækninga-, hjúkrunar- og rannsóknarvörur		2.196.513	2.689.179
Ferða-, flutningskostnaður og akstur	7	842.271	610.449
Sérfræðibjónusta og ýmis bjónusta	8	9.922.315	7.758.154
Viðhalds- og húsnaðiskostnaður	9	<u>29.207.332</u>	21.679.077
Sjúkraflutningar		657.670	928.530
Annar rekstrarkostnaður	10	1.736.169	1.224.942
		<u>288.764.713</u>	<u>267.878.877</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		5.268.128	10.236.367
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		825.855	159.039
Fjármagnstekjuskattur	(181.689)	(34.985)
Vaxtagjöld	(22.452)	(58.493)
		<u>621.714</u>	<u>65.561</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	2	<u>5.889.842</u>	<u>10.301.928</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	2022	2021
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur		2.802.077	1.044.773
Skaftárhreppur		10.605.358	10.605.358
Handbært fé		75.033.641	68.564.956
Veltufjármunir samtals		<u>88.441.076</u>	<u>80.215.087</u>
 Eignir samtals		<u>88.441.076</u>	<u>80.215.087</u>
 Eigið fé			
Eiginfjárréikningur		38.858.329	32.968.487
Eigið fé samtals	2	<u>38.858.329</u>	<u>32.968.487</u>
 Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		6.883.198	8.193.059
Fyrirfram innheimtar tekjur		26.001.758	20.003.968
Aðrar skammtímaskuldir	11	16.697.791	19.049.573
Skammtímaskuldir samtals		<u>49.582.747</u>	<u>47.246.600</u>
Skuldir samtals		<u>49.582.747</u>	<u>47.246.600</u>
 Eigið fé og skuldir samtals		<u>88.441.076</u>	<u>80.215.087</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2022

		2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða ársins.....	2	5.889.842	10.301.928
Veltufé frá rekstri		<u>5.889.842</u>	<u>10.301.928</u>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímkörfur, (hækkun) lækkun.....	(1.757.304)	1.092.515
Skammtímaskuldir, hækkun.....		<u>2.336.147</u>	<u>7.783.013</u>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>578.843</u>	<u>8.875.528</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>6.468.685</u>	<u>19.177.456</u>
Breyting á handbæru fé		6.468.685	19.177.456
Handbært fé í ársbyrjun		<u>68.564.956</u>	<u>49.387.500</u>
Handbært fé í árslok		<u>75.033.641</u>	<u>68.564.956</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaðferðum og árið áður.

2. Eiginfjárréikningur

Yfirlit um eiginfjárréikning:

	2022	2021
Eigið fé 1.1.....	32.968.487	22.666.559
Rekstrarniðurstaða ársins	5.889.842	10.301.928
Eigið fé 31.12.....	<u>38.858.329</u>	<u>32.968.487</u>

3. Vistgjöld

Daggjöld, dvalarheimili.....	17.268.414	16.865.113
Daggjöld, hjúkrunarheimili.....	<u>249.954.514</u>	<u>239.419.580</u>
	<u>267.222.928</u>	<u>256.284.693</u>

4. Æðrar tekjur

Sjúkratryggingar Íslands, vegna húsnæðisgjald.....	19.208.235	19.942.491
Sjúkratryggingar Íslands, vegna Covid-kostnaður.....	5.495.797	871.449
Styrkir úr Framkvæmdasjóði aldraðra.....	1.261.376	0
	<u>25.965.408</u>	<u>20.813.940</u>

5. Laun og launatengd gjöld

Dagvinnulaun.....	112.469.363	106.177.540
Yfirvinna og álag.....	50.780.988	45.440.591
Önnur laun.....	13.705.460	12.051.801
	<u>176.955.811</u>	<u>163.669.932</u>
Launatengd gjöld.....	39.085.754	36.793.884
Annar starfsmannatengdur kostnaður.....	1.020.021	413.680
Áfallið orlof, breyting	(3.344.743)	1.044.746
	<u>213.716.843</u>	<u>201.922.242</u>

6. Fatnaður, lín og hreinlætisvörur

Fatnaður og lín.....	272.349	33.765
Hreinlætisvörur.....	<u>1.442.591</u>	<u>1.413.760</u>
	<u>1.714.940</u>	<u>1.447.525</u>

7. Ferða-, flutningskostnaður og akstur

Bifreiðastyrkir.....	423.661	63.840
Aðkeyptur flutningskostnaður.....	418.610	546.609
	<u>842.271</u>	<u>610.449</u>

8. Sérfræðibjónusta og ýmis þjónusta

Reikningsskil og endurskoðun.....	1.831.025	1.635.775
Bókhald og launavinnsla.....	6.046.280	4.468.248
Þjónusta heilbrigðisstéttta.....	312.946	206.238
Aðkeyptar rannsóknir.....	167.625	333.591
Aðkeypt sérfræðibjónusta.....	375.440	179.981
Sími, útvarp og afnotagjöld.....	1.188.999	934.321
	<u>9.922.315</u>	<u>7.758.154</u>

Skýringar, frh.

	2022	2021
9. Viðhalds- og húsnaðiskostnaður		
Smáverkfæri og rekstrarvörur.....	467.432	674.160
Innanstokksmunir.....	1.924.852	1.449.606
Þjónustusamningar	495.765	0
Aðkeypt viðhaldsbjónusta.....	11.364.655	7.578.434
Skaftárhreppur, húsaleiga.....	6.189.974	5.939.326
Húsaleiga.....	(51.366)	(84.030)
Eftirlitsgjöld.....	322.308	256.239
Tryggingar.....	782.738	753.144
Rafmagn, hiti og kalt vatn.....	7.710.974	5.112.198
	<u>29.207.332</u>	<u>21.679.077</u>
10. Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng og rekstrarvörur.....	305.068	240.920
Gjafir, jól og áramót.....	20.300	3.992
Jóla- og föndurvörur, umbúðir.....	281.006	67.777
Auglýsingar og styrkir.....	41.740	42.216
Minniháttar tæki.....	120.495	148.664
Námskeið.....	93.500	0
Önnur vöru- og þjónustukaup.....	0	2.000
Virðisaukaskattur.....	793.870	719.373
Niðurfærsla krafna, breyting.....	80.190	0
	<u>1.736.169</u>	<u>1.224.942</u>
11. Aðrar skammtímaskuldir		
Ógreidd staðgreiðsla.....	3.941.770	3.159.181
Reiknað áfallið orlof.....	10.579.502	13.924.245
Starfsmannafélag.....	954.153	971.153
Ógr. virðisaukaskattur.....	132.967	152.703
Ógr. tryggingagjald.....	1.089.399	842.291
	<u>16.697.791</u>	<u>19.049.573</u>